

Áfangalýsing – Lokaverkefni

Námsgrein: Lokaverkefni LOKA3LH04



Fjöldi eininga: 4 framhaldsskólaeiningar

Forkröfur: Einungis nemendur sem komnir eru að námslokum fá að sitja áfangann.

Lýsing á efni áfangans:

Lokaverkefni eru einstaklingsverkefni sem ætlað er að þjálfar nemendur í að beita viðurkenndum aðferðum við heimildavinnu og rannsókn eða lausn viðfangsefna og undirbúa þá undir verkefnavinnu í háskólanámi. Ríkar kröfur eru gerðar um sjálfstæði og vönduð vinnubrögð. Nemendur kynna viðfangsefni sín á málstofu.

Kennslugögn:

Eiríkur Rögnvaldsson. (2010). *Ritgerðasmíð*.
<https://uni.hi.is/eirikur/kennsla/kennsluefni/>

Ingibjörg Axelsdóttir og Þórunn Blöndal. (2010). *Handbók um ritun og frágang*. Reykjavík: Mál og menning.

Annað efni sem kennari leggur fram.

Námsmat:

Leiðsagnarmat þar sem vinna nemanda í áfanganum er metin með reglubundnum hætti. Til grundvallar matinu eru einkum rannsóknaráætlun nemanda, sjálfstæði í vinnubrögðum, frammistaða á málstofu, efnistösk, mál og stíll, meðferð heimilda og frágangur verkefnis.

Lokamarkmið áfanga:

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á :

- tilteknu viðfangsefni sem hann hefur valið sér
- byggingu heimilda- og rannsóknaritgerða
- nauðsyn þess að vanda meðferð heimilda
- reglum um höfundarrétt og hugmyndum um ritstuld

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- afla fjölbreyttra heimilda, t.d. skráðra heimilda úr bókum, tímaritum og af netinu eða frumheimilda, ef svo ber undir
- vinna með og leggja mat á upplýsingar úr heimildum á sjálfstæðan og gagnrýninn hátt
- fylgja viðurkenndum reglum við gerð og frágang ritgerðar
- skrifa skýran og greinargóðan texta
- tjá sig, í ræðu og riti, á gagnrýninn og skapandi hátt um sérhæft efni

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- gera raunhæfa verkáætlun og framfylgja henni
- setja fram rökstudda rannsóknarspurningu eða efnisyfirlýsingu
- skrifa lokaritgerð samkvæmt viðurkenndum aðferðum